

Nd.

15. Frumvarp til laga

[15. mál]

um breyting á lögum nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

8. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946 orðist svo:

Stjórn Sogsvirkjunarinnar skipa 5 menn.

Þar til ríkissjóður er orðinn meðeigandi að helmingi Sogsvirkjunarinnar, tilnefnir bæjarstjórn Reykjavíkur 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2.

Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, tilnefnir bæjarstjórnin 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá fimmta manninn.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að undanfarið hafi verið unnið að samningagerð á milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur um að Sogsvirkjunin verði sameign ríkissjóðs og Reykjavíkurbæjar, og hafi náðst samkomulag meðal annars um eignarhlutföll í fyrirtækinu og það, að skipun stjórnar Sogsvirkjunarinnar verði með öðrum hætti en ákveðið er í 8. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946, og beri því brýna nauðsyn til þess að breyta ákvæðum 8. gr. téðra laga þannig, að þau samrýmist ákvæðum samningsfrumvarpsins um skipun stjórnarinnar, svo að unnt verði að staðfesta samningsfrumvarpið.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

8. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946 orðist svo:

Stjórn Sogsvirkjunarinnar skipa 5 menn.

Þar til ríkissjóður er orðinn meðeigandi að helmingi Sogsvirkjunarinnar, tilnefnir bæjarstjórn Reykjavíkur 3 menn í stjórnina, en ríkisstjórnin 2.

Þegar ríkissjóður er orðinn eigandi að hálfu fyrirtækinu, tilnefnir bæjarstjórnin 2 menn í stjórnina, ríkisstjórnin 2, en hæstiréttur tilnefnir þá fimmta manninn.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. september 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.